

**Sólrún Bragadóttir** - *Sóla Braga* continued her musical studies at the University of Bloomington in Indiana, where she achieved her bachelor and master degrees in Solo singing and Vocal pedagogy. She started her career in Germany singing many leading roles in opera houses all over Europe and singing different kinds of repertoire, ranging from oratorio, lieder, opera, operetta and musical pieces. She performs frequently as a soloist with orchestras. Some of her major stage roles are *Mimi* and *Liù* by Puccini, Mozart roles like *Contessa*, *Elettra*, *Donna Anna*, *Pamina* and *Fiordiligi*, roles by Verdi, *Gilda*, *Desdemona* and *Elisabetta* in Don Carlo, Beethovens *Leonora* and *Micaëla* in Carmen.

Sóla has developed her own song healing method and a capella singing for different occasions. She has also created her own concert concept where she spontaneously picks songs and arias influenced by the atmosphere created by the audience.

**Anna Málfríður Sigurðardóttir** was born in Ísafjörður and received her first music education at the Ísafjörður Music School, with Ragnar H. Ragnar as her main piano teacher. Further studies were at the Guildhall School of Music and Drama in London, where she took her performers and teachers diploma in 1971. She then continued her studies in London until 1974, with professor Brigitte Wild, a former student of world renowned pianist Claudio Arrau.

Since then she has been teaching and performing, giving numerous concerts at home and abroad, as a soloist and a chamber musician, appearing several times as a soloist with The Iceland Symphony Orchestra and also with the Städtisches Orchester Trier. Presently she works as a teacher and accompanist at the Tónskóli Sigursveins in Reykjavík and the Music School of Reykjanesbær, as well as giving Master-Classes.

*Sólrún Bragadóttir*  
sópran

*Anna Málfríður Sigurðardóttir*  
píanó



*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana*  
*The Museum café is open after the concert*

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar  
þriðjudaginn 7. ágúst 2012 kl. 20:30

Að loknu námi hérlendis lauk **Sólrún Bragadóttir** meistaragráðu í einsöng og kennslu frá tónlistarháskólanum í Bloomington í Indiana. Meðal kennara hennar þar var hin þekktu rúmenska söngkona, Virginia Zeani.

Hún hefur starfað við helstu óperu- og leikhús í Þýskalandi t.d. í Kaiserlautern, Hannover, Düsseldorf, Mannheim, München, Karlsruhe, Kiel, Kassel, Heidelberg og einnig í Belfast, Avignon, Liège, Bern, Palm Beach, Tsuyama í Japan og víðar. Meðal hlutverka Sólrúnar má nefna *Mimi* í La Bohème, *Suor Angelica* í samnefndri óperu, *Desdemona* í Otello, *Gilda* í Rigoletto, *Elisabet* í Don Carlo, *Greifafrúna* í Brúðkaupi Fígarós, *Pamínu* í Töfraflautunni og *Fiordiligi* í Così fan tutte.

Sólrún hefur oft komið fram sem einsöngvari með hljómsveitum, tekið þátt í óperum, söngleikjum, ljóðatónlist, óratoríum og sungið Vínartónlist. Undanfarin ár hefur hún skapað sinn eigin tónleikastíl þar sem efnisskrá er ekki fyrirfram ákveðin. Hún hefur þróað það sem hún kallar *Söngheilun* þar sem hún spinnur laglínur og tóna fyrir fólk sem liggur fyrir í slökun.

**Anna Málfríður Sigurðardóttir** er Ísafirðingur að uppruna og hóf tónlistarnám við Tónlistarskóla Ísafjarðar, þar sem Ragnar H. Ragnar var aðal píanókennari hennar. Framhaldsnám stundaði hún við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan sem einleikari og kennari árið 1971. Hún stundaði síðan áframhaldandi nám hjá prófessor Brigitte Wild til ársins 1974, en prófessor Wild var fyrrum nemandi hins heimskunna píanóleikara Claudio Arrau.

Frá 1974 hefur Anna starfað sem píanókennari og píanóleikari, bæði á Íslandi og erlendis, nú síðast sem kennari og meðleikari við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Hún hefur einnig verið leiðbeinandi á námskeiðum í píanóleik.

Anna Málfríður hefur haldið tónleika víðsvegar, bæði hér heima og erlendis og komið fram sem einleikari, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Trier en einnig verið virk í kammermúsík og meðleik.

## *Draumar*

Draumur Bergljótar	<i>Sigvaldi Kaldalóns</i>
Aprés un Rêve	<i>Gabriel Fauré</i>
Åkande	<i>Peter E. Lange-Müller</i>
En drøm	<i>Edvard Grieg</i>
Traum durch die Dämmerung	<i>Richard Strauss</i>
Var det en Drøm	<i>Jean Sibelius</i>
Schlafendes Jesuskind	<i>Hugo Wolf</i>
Träume	<i>Richard Wagner</i>
Nacht und Träume	<i>Franz Schubert</i>
Drømt jeg har om Roser	<i>Peter E. Lange-Müller</i>
Bön til Natten	<i>Ture Rangström</i>
Sköldmön	<i>Ture Rangström</i>
Mamma ætlar að sofna	<i>Sigvaldi Kaldalóns</i>
Es träumte mir	<i>Johannes Brahms</i>
Wiegenlied	<i>Richard Strauss</i>